

Ungmennaráðstefnan UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA

From Ragnheiður Sigurðardóttir <ragrheidur@umfi.is>

Date Wed 2025-07-02 12:03

 1 attachment (108 KB)

Ungt fólk og lýðheilsa 2025.pdf;

Hæ hæ!

Hér er komið að skemmtilegasta tölvupósti vikunnar! 😊

Ungmennaráð UMFÍ tilkynnir með stolti að ungmennaráðstefnan **UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA 2025** fer fram dagana 12. – 14. september á Reykjum í Hrútafirði.

Þetta er viðburður fyrir allt ungt fólk á aldrinum 15 – 25 ára. Engin skylda er að vera í ungmennaráði eða einhverju ákveðnu félagi. Allt ungt fólk á tilsettu aldursbili er velkomið ❤️

Í viðhengi er að finna kynningarbréf með helstu upplýsingum.

... ef þú nennir ekki að lesa það, þá geturðu smeltt hér á hlekkinn fengið allar upplýsingar.
<https://www.umfi.is/vidburdir/ungt-folk-og-lydraedi/ungt-folk-og-lydheilsa-2025/>

Skráning er hafin og stendur hún til 8. september – það eru takmörkuð sæti svo það borgar sig að draga það ekki að skrá sig!

Hér er hægt að skrá sig: <https://forms.gle/34VAPLs4CzhNSszh9>

Við hvetjum þig svo til þess að fylgjast með á viðburðinum á Facebook.
<https://fb.me/e/5953NrJVp>

Við hlökkum ótrúlega mikið til þess að hitta þig og verja með þér MAGNADRI helgi! ❤️
Þetta verður STEMMARI!


Ungmennaráð UMFÍ.

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ

Ragnheiður Sigurðardóttir

Verkefnastjóri og starfsmaður ungmennaráðs UMFÍ

Sími: (+354) 8671147



Allar upplýsingar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál.

Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum.

Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti.

Ef þú ert ekki sá sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann eða dreifa honum.



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

Reykjavík, 25. júní 2025

UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA 2025

Ungmennaráð Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) stendur fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðheilsu dagana 12. – 14. september á Reykjum í Hrútafirði.

Yfirskrift ráðstefnunnar er: *Félagslegir töfrar*. Töfrarnir vísa til mikilvægra en ósýnilegra gilda sem myndast í samskiptum og samveru fólks. Þeir móta hugmyndir, hegðun og sjálfsmynd fólks. Draga fólk hvert að öðru, gerir hóp að liði og samfélag að samfélagi.

Eins og nafnið gefur til kynna er ráðstefnan fyrir allt ungt fólk á aldrinum 15 - 25 ára. Ekki þarf að vera í ungmennaráði eða ákveðnu félagi til þess að koma.

ALLAR HLIÐAR LÝÐHEILSU

Ráðstefnan hefur það markmið að hvetja ungt fólk til þátttöku í félagsstarfi íþróttar og ungmennafélagshreyfingarinnar. Þátttaka getur falið í sér að sitja í stjórn deildar eða félags, taka þátt í fjölbreyttu nefndarstarfi, aðstoða við fjáröflun, dómgæslu og/eða koma að móta- og viðburðahaldi. Með öðrum orðum er markmið viðburðarins að efla og viðhalda félagslegum töfrum ungs fólks - efla og styrkja félagslega heilsu þess. Að auki felur viðburðurinn í sér hellings hópefli, líkamlega hreyfingu og afþreyingu. Viðburðurinn tekur því á öllum hliðum lýðheilsu, þ.e. líkamlegri-, andlegri- og félagslegri heilsu.

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Dagskráin verður eins og alltaf með fjölbreyttu sniði. Boðið er upp á hópefli og samveru, áhugaverðan fróðleik og uppörvandi og hvetjandi vinnustofur. Fólk úr stjórnmálum og atvinnulífi mætir á ráðstefnuna og fá þátttakendur tækifæri til að byggja upp tengslanet til framtíðar.

TAKMARKAÐUR FJÖLDI

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og því borgar sig ekki að bíða of lengi með skráningu. Fullorðinn einstaklingur þarf að fylgja þátttakendum yngri en 18 ára. Þáttökugjald er 15.000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Innifalið eru ferðir, uppihald og ráðstefnugögn. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík á föstudeginum og til baka á sunnudeginum sem þátttakendur eru hvattir til þess að nýta sér. Fyrir þau sem ekki geta nýtt sér rútuna er hægt að sækja um styrk fyrir ferðakostnaði til UMFÍ. Skila þarf inn kvittunum á sérstöku eyðublaði sem sent verður út eftir viðburðinn.

SKRÁNING

Skráning er hafin og stendur til 8. september. Smelltu hér til þess að skrá þátttöku.

Allar upplýsingar um ráðstefnuna má finna hér á heimasíðu umfi.is.

Athygli er vakin á því að viðburðurinn er vímuefnalaus, það sama á við um rafsígarettur og nikótínþúða.

Ráðstefnan er styrkt af Erasmus+.

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,



Halla Margrét Jónsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ.



Hafnarfirði, 1. júlí 2025

Tilv. RGR25070002

Breyting á skipulagi Ráðgjafar- og greiningarstöðvar (RGR)

Ráðgjafar- og greiningarstöð (RGR) hefur breytt skipulagi sínu. Það hefur verið einfaldað og sviðum fækkað úr sjö í þrjú. Nýju sviðin eru Greiningarsvið, Ráðgjafarsvið og Skrifstofa forstjóra. Til að tryggja sem besta nýtingu á þekkingu sérfræðinga stofnunarinnar verða einnig starfandi verkefnaðið teymi þvert á sviðin.

Megintilgangur breytinganna er að bæta þjónustu við hagaðila og stuðla að meiri samfelli í þjónustu stofnunarinnar, hvort sem það er við fötluð börn, fjölskyldur þeirra, þjónustuaðila eða aðra samstarfsaðila. Börn/fjölskyldur sem eru í mestri þörf fyrir sérhæfða ráðgjöf og/eða langtímaeftirfylgd eru þannig tengd einu sviði þann tíma sem þau eru í þjónustu hjá RGR, þ.e. Ráðgjafarsviði en fá jafnframt þjónustu frá Greiningarsviði þegar kemur að athugunarferli barns. Önnur börn tengjast fyrst og fremst Greiningarsviði en fá jafnframt tímabundna þjónustu Ráðgjafarsviðs, eftir því sem ástæða er til.

Helstu verkefni Ráðgjafarsviðs eru sérhæfð ráðgjöf og eftirfylgd vegna barna með miklar áskoranir í taugabroska. Einnig er veitt langtímaeftirfylgd vegna barna með flókinn samsettan vanda og víðtækar þjónustubarfir. Byggt er á teymisvinnu og gildum fjölskyldumiðaðrar þjónustu. Þjónustan er sniðin að þörfum hvernar fjölskyldu og reynt að stuðla að viðeigandi úrræðum og samvinnu milli þjónustukerfa. Veitt er sérhæfð ráðgjöf t.d. vegna áskorana tengdum fæðuinntöku, hegðun, tjáskiptum og svefni.


Helstu verkefni Greiningarsviðs er að annast þverfaglegar athuganir á börnum sem vísað er á stofnunina í kjölfar frumgreiningar. Algengustu ástæður tilvísunar eru grunur um einhverfu og/eða þroskahömlun. Athugunarferli byggist á þverfaglegri teymisvinnu og notkun viðurkenndra mats- og greiningartækja, þar sem lögð er áhersla á þátttöku foreldra og barns, auk þess sem ítarlegra upplýsinga er aflað frá þjónustuaðilum sem fjölskyldunum tengjast, s.s. skólum, heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og félags- og skólaþjónustu.

Starfsfólk beggja sviða annast fræðslu og ráðgjöf til fjölskyldna og samstarfsaðila, í formi námskeiða auk einstaklingsmiðaðrar fræðslu og ráðgjafar.

Á Skrifstofu forstjóra eru verkefni sem ná til innri og ytri þjónustu stofnunarinnar, þ.e. reksturs, mannauðs, fræðslu- og kynningarmála, rannsókna og samskipta (úrvinnslu tilvísana og skjalavörslu) ásamt Stöðluðu mati á stuðningsþörf fatlaðs fólks frá sex ára aldri (SIS A og SIS C mat).


Með breytingunni verður betri nýting á sérþekkingu starfsfólks, auðveldara verður að veita þjónustu út frá þörfum hverju sinni og stofnunin þar með betur í stakk búin til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Nýtt skipurit RGR:



Virðingarfyllst,

f/h Ráðgjafar- og greiningarstöðvar


Soffía Lárusdóttir, forstjóri



Sæl verið þið,

Neðangreind ályktun er send að beiðni aðalfundar SUM - samtaka um áhrif umhverfis á heilsu.

Ályktun aðalfundar SUM 2025

Ályktun þessari er beint að úrræðum vegna leigu félagslegs húsnæðis. Þá sérstaklega þjónustu og leigu húsnæðis til hópa samfélagsins með fjölbreyttar þarfir, t.d. öryrkja, fatlaða, einstæða foreldra, aldraða, börn og aðra hópa sem glíma við skerðingar eða málleysi.

Eitt markmið SUM er að tryggja að rödd og þarfir þessara hópa heyrist í umræðunni um öruggt og heilnæmt húsaskjól.

SUM vill sérstaklega benda á mikilvægi þess að fyrirbyggja rakaskemmdir og viðhalda húsnæði ofangreindra hópa, enda getur áreiti, mengun, eitrun og ójafnvægi vegna rakaskemmda og annarra mengunarvalda úr hinu byggða umhverfi haft afdrifaríkar afleiðingar á heilsu þessara hópa, sem og á lýðheilsu annarra landsmanna. Ilmefni, t.d. Ilmstaukar, ilmkerfi, ilmkjarnaolíur, þvottaefni, mýkingarefni, o.fl. hafa einnig gríðarleg neikvæð áhrif á innivist.¹

SUM bendir á að einkenni íveru í menguðu húsnæði geta verið margskonar, marglaga, fjölkerfa og einnig ýtt undir undirliggjandi kvilla, mein eða sjúkdóma og hrint af stað eða viðhaldið varanlegum heilsubresti. Áreiti frá samverkandi umhverfisþáttum og lífstíl getur svo aftur leitt til krónískra og alvarlegra kvilla og veikinda, krabbameins, hormónaröskunar, ofnæmis- og taugasjúkdóma. Þau sem veikjast vegna áreitis úr hinu byggða umhverfi glíma einnig mörg við varanlegt umhverfis- og fjölefnaból.

¹ Áhrifapættir, ónæmisglæðar og lífertar í umhverfinu eru m.a skert loftgæði vegna skaðlegrar samþættingar á svifryki í andrúmsloftinu, eiturefna frá rakaskemmdum og myglusveppum, útgufunar lífrænna rokgjarnra efna (VOC), td. frá byggingarefnum, innanstokksmunum og innréttingum, uppsöfnun á ögnum, eiturefnum, neysla á viðbættum efnum (e.additives), aukaefnum og öðrum efnasamböndum, notkun á plastefnum, eldtefjandi efnum og kemískum snyrti-, heimilis-, hreinsi- eða hreinlætisefnum sem innihalda ilmefni, ertandi efni og/eða efnasamböndum. Loftgæði innandyrá geta skerst verulega vegna raka og myglu í byggingum sem jafnframt yfir upp aðra áhrifapætti, sem geta þá leitt hraðar til skaðlegra útgunar, örveruvaxtar, uppsöfnunar lífrænna efna (VOC, sVOC, vVOC, POM), afleiðuefna (mVOC), annarra agna og útgunar efna frá byggingarefnum, t.d. Málningu, lími, einangrun og öðrum byggignarhlutum. Loft, jarðvegs og vatnsmengun utandyrá getur einnig talist til skaðlegra áhrifapáttta.

Börn og aðrir viðkvæmir hópar eru hér í sérstaklega krefjandi aðstæðum. Áhrif áreitiss og eitrunar eða mengunar á börn og ungmenni sem eru að taka út sinn líkamlega þroska, getur haft varanlegar líkamlegar og andlegar afleiðingar.

SUM lítur það alvarlegum augum ef þessir hópar telja sig föst í hýbýlum sem geta valdið veikindum og sjúkdómi, eða ef þau geta ekki leitað leiðbeininga eða ráðgjafar hjá þeim sem kunna að bera ábyrgð á áreitinu. Slíkar aðstæður geta ýtt frekar undir veikindin, aukið varnarleysi og hindrað þau í því að komast úr aðstæðum, ná endurheimt og leita réttar síns. Mikilvægt er að samræma hér verkferla og tryggja snemmtæka íhlutun.

Í því ljósi hvetur SUM sérstaklega til þess að viðtakandi þessa erindis leiti eftir því að koma til móts við þennan hóp, sinna upplýsingaskyldu sinni og leiðbeini, viðhaldi og fyrirbygggi rakaskemmdir og stuðli að heilnæmu húsnaði fyrir öll.

Samtökin telja erindi þetta vera opið til birtingar.

Stjórn SUM kallar eftir fundi um málefnið, og virku samráði og samtali um þessi mál.

Virðingarfyllst,
Aðalfundur SUM 7. maí 2025

Fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga

From Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>

Date Fri 2025-07-04 08:46

Góðan dag

Innviðaráðuneytið býður kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga til fræðslufundar um hinsegin málefni. Samtökin '78 sjá um fræðsluna en markmiðið er auka þekkingu sveitarstjórnarfólks á réttindum og félagslegri stöðu hinsegin fólks. Fræðslan fer fram á fjarfundi (Teams) og í boði eru tvær tímasetningar til að velja úr:

- Þriðjudagur 9. september kl. 11
- Miðvikudagur 10. september kl. 16.

Þetta er í þriðja sinn sem ráðuneytið stendur fyrir slíkri fræðslu en verkefnið er liður í aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022-2025. Hinsegin fólk þarf að eiga greiða leið að þjónustu í sínu nærumhverfi. Þjónusta og viðmót á að vera laust við fordóma og mismunun en bein og óbein mismunun og útilokun getur stafað af þekkingarskorti þeirra sem þjónustuna veita. Til að bæta stöðuna og draga úr fordómum og þekkingarskorti er mikilvægt að efla þekkingu kjörinna fulltrúa og starfsfólks sem sinnir þjónustu við almenning.

Fræðslan tekur um 1,5 klukkustund og er opin öllum kjörnum sveitarstjórnarfulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga.

- [Skráning á fræðslufund](#)



Bestu kveðjur,
Jóhanna

Jóhanna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri / Project Manager

Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála / Department of Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

XIV. Umhverfisping

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra boðar til Umhverfispings í Hörpu dagana 15. og 16. september nk.

Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu verða send út síðar.



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið



Anna Sigríður Einarsdóttir, upplýsingafulltrúi / Head of Information

Skrifstofa ráðuneytisstjóra / Department of the Permanent Secretary

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate

Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

Beinn sími / Direct tel: (+354) 545 8619 • Farsími / Mobile: (+354) 669 1124

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Skráning lögheimilis í frístundabyggð – boð á vinnustofu

From Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>

Date Tue 2025-07-01 09:15

To Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>

Til allra sveitarfélaga

Samkvæmt nágildandi lögum ber að skrá einstakling til lögheimilis þar sem hann hefur fasta búsetu. Þá skal lögheimili skráð í tiltekna íbúð eða eftir atvikum hús, við tiltekna götu eða í dreifbýli, sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá.

Undanfarin ár hefur færst mjög í vöxt að einstaklingar flytji í frístundabyggð. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu og frístundahús því ekki skilgreind sem íbúðarhúsnæði. Ef óvissa er um lögheimili er þó heimilt að skrá einstakling til lögheimilis í sveitarfélagi án tilgreinds heimilisfangs og er það sú skráning sem einstaklingar sem flytja í frístundahús fá samkvæmt þjóðskrá.

Þessi staða veldur ákveðinni óvissu fyrir sveitarfélög enda ekki ljóst hvaða þjónustu sveitarfélögum ber að veita í slíkum tilfellum.

Í stefnumörkun Sambandsins er að finna eftirfarandi áherslu:

„Sambandið beiti sér fyrir breytingum á lögum um lögheimili og aðsetur þar sem sérstaklega verið litið til fjölgunar þeirra sem skrá lögheimili án tilgreinds heimilisfangs. Við útfærslu lagabreytinga verði unnið út frá þeirri meginreglu að skipulag sveitarfélaga ráði því hvar heimilt er að skrá lögheimili og einnig hvar sveitarfélögum er skylt að veita þjónustu við íbúa.“

Með vísan til framangreinds býður Sambandið sveitarfélögum að taka þátt í vinnustofu um skráningu lögheimilis í frístundabyggð. Í upphafi verður stutt erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi en síðan verða þátttakendur leiddir í gegnum æfingar sem ætlað er að greina áskoranir og tækifæri og hugmyndir að lausnum.

Vinnustofan verður haldinn fimmtudaginn 11. september klukkan 10:30-14 í húsnæði Sambandsins í Borgartúni 30 og er öllum sveitarfélögum boðið að taka þátt. Nauðsynlegt er að skrá þátttöku með því að smella á þennan tengil.

Með kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga

Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900

www.samband.is / samband@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) / [Legal Disclaimer](#)



Outlook

Fyrirhuguð niðurfelling héraðsvegar Árlundarvegur (3039-01)

From Freydís Edda Benediktsdóttir - VG <freydis.e.benediktsdottir@vegagerdin.is>

Date Tue 2025-07-08 15:18

To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Cc Svanur G. Bjarnason - VG <svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is>; Sigurður Björn Reynisson - VG <sigurdur.bjorn.reynisson@vegagerdin.is>; María Dís Ásgeirsdóttir - VG <maria.d.asgeirsdottir@vegagerdin.is>

 1 attachment (56 KB)

Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu héraðsvegar Árlundarvegur (3039-01).pdf;

Góðan dag!

Meðfylgjandi bréf Vegagerðarinnar dags 08.07.2025 er sent í pósti bréfleiðis á heimilisfang þinglýstra eigenda, en til annara er málið varðar er bréfið sent í tölvupósti.

Vinsamlega staðfestið móttöku.

Með bestu kveðju,



Freydís Edda Benediktsdóttir

Sérfræðingur

Þjónustudeild Suðursvæði

feb@vegagerdin.is

[+354 522 1472](tel:+3545221472)

[+354 866 9713](tel:+3548669713)

Vegagerðin

Icelandic Road and

Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

vegagerdin.is

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy,



Helgi Rúnar Theódórsson
Ekrumári 18
201 Kópavogur

Selfoss
8. júlí 2025

**Efni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Árlundarveggar (3646-01),
Flóahreppi, af vegaskrá**

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007, að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Slóða 1/1

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er ekki lengur lögheimili á staðnum. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skylt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áformað að fella Árlundarveg (3646-01) af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Hér með er gefinn kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, á netfangið feb@vegagerdin.is innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Afrit: Flóahrepp, floahreppur@floahreppur.is

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

[vegagerdin](http://vegagerdin.is)
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Freydís Edda Benediktsdóttir

Undirskrift

Freydís Edda Benediktsdóttir



Outlook

Fyrirhuguð niðurfelling héraðsvegar, Hamarskotsvegur (3025-01)

From Freydís Edda Benediktsdóttir - VG <freydis.e.benediktsdottir@vegagerdin.is>

Date Tue 2025-07-08 15:27

To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Cc Sigurður Björn Reynisson - VG <sigurdur.bjorn.reynisson@vegagerdin.is>; Svanur G. Bjarnason - VG <svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is>; María Dís Ásgeirsdóttir - VG <maria.d.asgeirsdottir@vegagerdin.is>

📎 1 attachment (55 KB)

Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu héraðsvegar Hamarskotsvegur (3025-01).pdf;

Góðan dag!

Meðfylgjandi bréf Vegagerðarinnar dags 08.07.2025 er sent í pósti bréfleiðis á heimilisfang þinglýstra eigenda, en til annara er málið varðar er bréfið sent í tölvupósti.

Vinsamlega staðfestið móttöku.

Með bestu kveðju,



Freydís Edda Benediktsdóttir

Sérfræðingur

Þjónustudeild Suðursvæði

feb@vegagerdin.is

[+354 522 1472](tel:+3545221472)

[+354 866 9713](tel:+3548669713)

Vegagerðin

Icelandic Road and

Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

vegagerdin.is

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy,

**Húsnæðissjóður**

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Selfoss

8. júlí 2025

**Efni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Hamarskotsvegjar (3025-01),
Flóahreppi, af vegaskrá.**

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007, að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Síða 1/1

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er ekki lengur lögheimili á staðnum. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skylt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áformað að fella Hamarskotsveg (3025-01) af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Hér með er gefinn kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, á netfang feb@vegagerdin.is innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Afrit sent á: floahreppur@floahreppur.is

Vegagerðin
Suðurláun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar.

Freydís Edda Benediktsdóttir

Undirskrift

Freydís Edda Benediktsdóttir